



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 4. apríl 2022
Tilv.: DMR21040090/0.14.6

Með bréfi, dags. 14. apríl 2021, sendi umboðsmaður Alþingis skýrslu vegna heimsóknar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins í Fangelsið Sogni 8. – 9. okóber 2019.

Í bréfinu er athygli ráðuneytisins vakin á ákvæðum laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga um agaviðurlög og að orðalag 2., 3. og 5. tölul. 1. mgr. 74. gr. laganna feli forstöðumanni fangelsis nær óheft mat á um hversu lengi rétt sé að tiltekin viðurlög við agabroti vari. Staða þessi vekur upp spurningar um hvort fyrirkomulagið sé í samræmi við kröfur evrópsku fangelsisreglnanna en í c-lið 57.2. gr. evrópsku fangelsisreglnanna segi að í innlendri löggjöf skuli kveðið á um tegundir agaviðurlaga og þann tíma sem þau geti varað.

Dómsmálaráðuneytið hefur farið yfir þessar athugasemdir umboðsmanns og mun taka þær til skoðunar ásamt fleiri atriðum við næstu endurskoðun laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga.

Í skýrslunni eru tilmæli til dómsmálaráðuneytisins um að settar verði reglur um vopn, tæki og efni í eigu fangelsa, sem ekki falla undir vopnalög nr. 16/1998, í samræmi við það sem löggjafinn hefur mælt fyrir um í 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í ráðuneytinu er nú unnið að því, í samráði við Fangelsismálastofnun, að semja reglur um valdbeitingu fangavarða og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Sú vinna er komin vel á veg.

Ráðuneytið biðst velvirðingar á því að dregist hefur að svara bréfi umboðsmanns vegna mikilla anna.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Helgadóttir


Svana Margrét Davíðsdóttir

Bréf sent rafrænt.